

10
29. jan.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 161 29. desember 1956 um söluskatt.

1. gr.

4. tölul. C liðs 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum, koli, koksi, salti, olíum og benzíni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1957.

F. h. r.

Sigr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

11
22. jan.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykkt fyrir neðangreint byggingarsamvinnufélag:

65. Byggingarsamvinnufélag Patrekshrepps.

Varnarþing Patreksfirði. Staðfest 21. janúar 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

12

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar á árinu 1956.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr. 70 622.45
2. Vextir af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar	kr. 2 500.00
3. Vextir í sparisjóðsbók nr. 66359 við Landsbanka Íslands	— 1 031.10
	— 3 531.10
	Samtals kr. 74 153.55

Til jafnaðar í sjóði til næsta árs: Gjöld:

1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar	kr. 50 000.00
2. Inneign í sparisjóði	— 24 153.55
	kr. 74 153.55
	Samtals kr. 74 153.55

Landlæknir, Reykjavík, 16. janúar 1957.

Vilm. Jónsson.